



**Virkjun Jökulsár í Fljótsdal. 15. fundur
hönnunarstjórnar**

Haukur Tómasson

Greinargerð HT-80/01

Virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

15. fundur Hönnunarstjórnar.

Fundur hönnunarstjórnar var haldinn miðvikudag 9. janúar 1980
kl. 13.30 í fundarherbergi Orkustofnunar.

Mættir:	Loftur Þorsteinsson	Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen
	Finnur Jónsson	Virkir
	Ólafur Sigurðsson	Virkir
	Svavar Jónatansson	Almenna verkfræðistofan
	Aðalsteinn Hallgrímsson	Almenna verkfræðistofan
	Ólafur Jensson	Rafmagnsveitur ríkisins
	Haukur Tómasson	Orkustofnun

- 1 HT lagði fram skýrslu um ísaathuganir í Bugðu með þeirri beiðni að Skurðanefnd athugi um áframhald þessara athugana en þær virðast ekki gefa neinar upplýsingar um truflanir á rennsli vegna ísmyndunar. Er það því tillaga HT að þeim verði hætt.
- 2 Samþykkt að fá aðstoð "Rafteikningar" til þess að kostnaðaráætla vélabúnað virkjana, þar á meðal dælustöðvar og smávirkjana á Múlanum. Aðalsteini var falið að annast þetta samband.
- 3 Rætt um hönnun á skurðum með tilliti til falltaps í þeim eftir að þeir eru orðnir ísi lagðir. Lofti var falið að athuga þetta mál og skila tillögum.
- 4 Rætt um hvenær og hvernig ljúka á þessum samanburðaráætlunum. Ljúka á þeim fyrir febrúarlok og hafa kostnaðaráætlanir á verðlagi september 1979 samkvæmt nýju kostnaðarformúlunum.
Bera á saman:
Virkjun um Fljótsdalsheiði
1. Veitur af heiðinni, Eyjabakka, Sauðárveitu.
2. Að viðbættri Hraunaveitu út í Hamarsá.
Virkjun á Múla
1. Með Eyjabökkum og Sauðárveitu.

1980-01-09

2. Með Hraunaveitu út í Hamarsá og dælustöð.

Áfangaskiptingu beggja verka þarf að athuga. Orkuvinnsla og uppsett afl miðast við keyrslur um tengingu við núverandi kerfi en Hraunaveita komi fyrst eftir að lokið er stórri miðlun á Suðurlandi.

5 Næsti fundur 24. janúar k. 9.00, á Verkfræistofu Sig. Thoroddsen.

Haukur Tómasson.

Afrit:

Fundarmenn +

Jóhann Már Mariússon Landsvirkjun.